



## Minnisblað – 2003031

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: Starf Viðbragðsteymis Dalabyggðar vegna COVID-19

Dags.: 09.11.2021

---

Viðbragðsteymi Dalabyggðar skipa: Kristján Sturluson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Kristján Ingi Arnarsson, Magnína Kristjánsdóttir, Viðar Þór Ólafsson, Ívar Örn Þórðarson, Haflína Ingibjörg Hafliðadóttir, Herdís Erna Gunnarsdóttir og Jóhanna María Sigmundsdóttir. Þórður Ingólfsson læknir hefur komið inn á fundi viðbragðsteymis til upplýsingar og samráðs.

Á milli funda hefur teymið skipst á upplýsingum s.s. hvað varðar stöðu smita á Vesturlandi og uppfærðar auglýsingar og leiðbeiningar í spjallborði. Hérna fyrir neðan má sjá samantekt af síðustu samskiptum og fundum teymisins.

- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 29. október 2021:  
*Staðan 28. október, einangrun og sóttkví. Breytingar á reglugerð um sóttkví og einangrun.*
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 29. október 2021:  
*Samkvæmt lögreglu eru 32 í sóttkví og 25 í einangrun. Skólinn lokaður mán-mið eftir helgi, vetrarfrí. Möguleiki á fleiri jákvæðum sýnum en engin óreiða, verið að vinna úr þeim hópi sem kominn er í sóttkví, þýðir að við erum að ná utan um þetta. Umræður um ferlið. Leikskóli verði opnaður á mánudag ef ekki kemur til mikillar fjölgunar smita. Umræður um talningu daga frá útsetningu þar til fólk er laust og örugglega ekki smitað. 100% öryggi aldrei í boði, þurfum að fara varlega áfram, persónulegar sóttvarnir mikilvægar. Senn kemur að bólusetningu þeirra barna sem áttu eftir að fá.*
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 1. nóvember 2021:  
*Umræður meðan beðið er eftir tölum.*
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 1. nóvember 2021:  
*Tölur ekki komnar. Fækkað um helming í sóttkví og einangrun eftir því sem við best vitum. Alls hafa komið upp 34 smit í Dalabyggð í þessari bylgju. Ætti að vera hægt að opna skólann á fimmtudag en verður ákveðið síðar í dag eða á morgun þegar tölur eru komnar.*
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 2. nóvember 2021:  
*Staðan 2. nóvember, einangrun og sóttkví.*
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 2. nóvember 2021:  
*Samkvæmt lögreglu eru 19 í sóttkví og 24 í einangrun. Tölur fyrir gærðag gleymdust. Mikið af sýnatökum í dag. Engin smit að greinast utan sóttkvíar. Sýnatökur í dag eru til þess að fólk losni úr sóttkví. Beðið eftir að hægt sé að skipuleggja skólastarf að nýju. Búið að gera allar ráðstafanir sem hægt er að gera í þessari stöðu.*
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 3. nóvember 2021:  
*Staðan 3. nóvember, einangrun og sóttkví. Tilkynning um að Tæknimessa hafi verið felld niður.*

- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 3. nóvember 2021:  
*Samkvæmt lögreglu eru 16 í sóttkví og 18 í einangrun. Allt á réttri leið. Stórt hópsmit á Akranesi. Fjölbrotarskólanum lokað og börn þaðan að koma heim í Dalabyggð. Eðlilegar vangaveltur íbúa og foreldra vegna stöðunnar. Silfurtún hefur farið vel frá þessu ástandi. Upplýsingagjöf haldið áfram. Ákveðið að funda næst á föstudag.*
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 4. nóvember 2021:  
*Staðan 4. nóvember, einangrun og sóttkví. Umræður um stöðuna á Akranesi.*
- Af fundi Viðbragðsteymis Dalabyggðar 5. nóvember 2021:  
*Beðið eftir tölum, upplýsingar um að þetta sé á réttri leið. Góðar fréttir úr Auðarskóla, stefnir í góða mætingu eftir helgi. Texti verður settur í Dalapóstinn. Minnum á persónulegar sóttvarnir. Erum meðvitum um að smit getur komið upp aftur og þá verður að taka á því þegar þar að kemur. Fylgjumst með stöðunni áfram þó fundir verði ekki daglegir eins og staðan er núna.*
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 5. nóvember 2021:  
*Staðan 5. nóvember, einangrun og sóttkví.*
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 6. nóvember 2021:  
*Staðan 6. nóvember, einangrun og sóttkví.*
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 7. nóvember 2021:  
*Staðan 7. nóvember, einangrun og sóttkví.*
- Úr spjallborði Viðbragðsteymis Dalabyggðar 8. nóvember 2021:  
*Staðan 8. nóvember, einangrun og sóttkví.*

Viðbragðsteymi hefur fengið upplýsingar um fjölda smita nær daglega meðan smit í Dalabyggð hafa gengið yfir. Þessar upplýsingar hafa verið birtar á heimasíðu Dalabyggðar ásamt upplýsingum og fræðslu varðandi COVID-19.

Þórður Ingólfsson læknir hefur komið inn á nokkra fundi til að fara yfir störf heilsugæslunnar og veita frekari upplýsingar varðandi stöðuna.

Á tímabili var öllum deildum Auðarskóla lokað, bókasafni og Sælingsdalslaug var lokað meðan unnið var að greiningum og verið að ná utan um hóp smitaðra. Takmarkanir á heimsóknum á Silfurtún voru hertar.